ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Dalvíkurbyggð
Mótt.: 27.12.2018
Málsnr.: 201901
Lykill: 21-87

Dalvíkurbyggð
Byggingarfulltrúi
Ráðhúsi Dalvíkur
620 DALVÍK

Reykjavík, 17.12.2018
Tilvísun ÞÍ: 201803116/6.6.2
Tilvísun sendanda:

**Efni: Upplýsingar um veitur hjá sveitarfélögum**

Samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 ber Þjóðskrá Íslands að reikna fasteignamat fyrir allar fasteignir í landinu. Ein af breytum í matsaðferðum Þjóðskrár eru upplýsingar um rafmagn og hitaveitu. Hingað til hafa þær upplýsingar verið handskráðar fyrir hverja fasteign en nú skoðar Þjóðskrá nýjar aðferðir við gagnasöfnun. Því óskar Þjóðskrá Íslands eftir upplýsingum um hvaða veitur þjóna sveitarfélaginu þínu. Með veitum er átt við:

- Vatnsveitur (kalt vatn)
- Hitaveitur (heitt vatn)
- Rafmagnsveitur
- Frárennslisveitur

Einnig kannar Þjóðskrá Íslands hvort að sveitarfélagið þitt hafi möguleika á að afhenda gögn um veitur og lagnir þeirra til Þjóðskrár þannig að hægt sé að skoða þau í landupplýsingakerfi. Er það möguleiki? Ef svo er þá væri gott að fá upplýsingar um á hvernig formi gögnin eru.

Óskað er eftir að fá svar við ofangreindum spurningum þ.e. upplýsingar um veitur í sveitarfélaginu þínu og aðgengi að þeim upplýsingum fyrir 20. janúar 2019 til undirritaðrar með pósti eða tölvupósti á LBK@skra.is.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Lilja B. Kjartansd.

Lilja Bjarklind Kjartansdóttir
*sérfræðingur*
*matsaðferða- og greiningarteymi fasteignaskrársviðs*